

FYRIRHUGAÐ DEILISKIPULAG Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

Samkvæmt Skipulagslögum nr.123/2010, 40. grein, er hér með verið að lýsa gerð deiliskipulags tveggja hektara svæðis við minningarkapellu Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri sem hefur verið í vinnslu frá því um haustið 2009. Deiliskipulagið er unnið fyrir Kirkjubæjarstofu.

MARKMIÐ DEILISKIPULAGS

- að útbúa áningarstað með fræðslu um nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri
- að bæta umhverfi og aðstöðu fyrir gesti kapellunnar og ferðamenn
- að efnisval og form sé í samræmi við umhverfið
- að tryggja aðgengi fyrir alla á skipulagssvæðinu
- að auka virðingu fyrir menningarminjum á staðnum

SAMRÁÐ

Fornleifafræðistofan ehf. hefur frá árinu 2002-2006 staðið fyrir rannsóknum á svæðinu og virkt samstarf hefur verið með starfsmönnum stofunnar við gerð deiliskipulagsins. Samráð hefur verið haft við Fornleifavernd ríkisins og Uggi Ævarsson, Minjavörður Suðurlands, hefur tekið svæðið út.

SKIPULAGSFORSENDUR

Aðalskipulag

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014 er í gildi. Þar er svæðið skilgreint sem óbyggð svæði, þjónustustofnanir (S-3) og þjóðminjavernarsvæði: „Kirkjubær, rústir þar sem bærinn stóð áður“. Kirkjugarðurinn og svæði í kringum minningarkapella séra Jóns Steingrímssonar er opið svæði til sérstakra nota (Ú-3).

Þjóðminjar- verndarsvæði

Bæjarhóll Kirkjubæjar er þjóðminjasvæði skv. aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014. Vernda ber kirkjugarð og tún þar sem ekki hefur farið fram rannsókn um hvar minjar er að finna (Bjarni F. Einarsson).

Skipulagssvæðið


Deiliskipulagssvæðið er miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri. Bílastæði eru við félagsheimilið Kirkjuhol sunnan Klausturveg. Svæðið afmarkast af Skriðuvöllum, Klausturvegi, dvalarheimilinu Klausturhólum og Túngötu. Þar er fornleifauppgröftur nunnuklausturs, kirkjugarður (2254 m<sup>2</sup>), bæjarhóll og minningarkapella Jóns Steingrímssonar. Í dag er svæðið að hluta til afgirt og nýtt til beitar. Minningarkapellan er notuð við ýmsar athafnir allt árið, en ekki er jarðsett í kirkjugarðinum. Svæðið er undir fjallinu Klausturfjall og snýr á móti suðri. Það er skjól- og gróðursælt eins og víða á Kirkjubæjarklaustri. Úrkoma er töluverð á Kirkjubæjarklaustri (um 1800 mm/ári) og mikils vatnsstraums gætir í leysingum á svæðinu.

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er frá Klausturvegi. Einnig er hægt að komast að svæðinu frá Skriðuvöllum og Túngötu, en þaðan eru göngustígar sem tengjast dvalarheimilinu Klausturhólum.


Enginn áningarstaður er á svæðinu, en bekkur og skilti með upplýsingum um Kirkjubæjarklaustur er við Klausturveg fyrir utan deiliskipulagssvæðið.

YFIRLITSUPPDRÁTTUR MKV. 1:2000




SKÝRINGAR

- | Yfirlitsuppdráttur |                 | Aðalskipulagsuppdráttur |                               |
|--------------------|-----------------|-------------------------|-------------------------------|
|                    | Skipulagsmörk   |                         | Þjónustustofnanir             |
|                    | Þjóðminjavernnd |                         | Opið svæði til sérstakra nota |
|                    | Verndarsvæði    |                         | Óbyggð svæði                  |
|                    | Bygging         |                         | Þjóðminjavernnd               |
|                    | Kirkjugarður    |                         |                               |
|                    | Uppgröftur      |                         |                               |
|                    | Hæðarlína 1 m   |                         |                               |
|                    | Hæðarlína 5 m   |                         |                               |
|                    | Stígur          |                         |                               |



AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS 2002-2014 MKV. 1:5000



NUNNUKLAUSTRID Á KIRKJUBÆ  
LÝSING DEILISKIPULAGSÁÆTLUNAR



Mælikvarði	Dagsetning	Verkefni	Skráarheiti	Uppdráttur
1:2000 (A4) 1:5000	07.06.2011	d662-Nunnuklaustrið á Kirkjubæ	d662-lýsingargögn.dgn	URP